

**HEILBRIGÐISNEFND  
HAFNARFJARÐAR- OG KÓPAVOGSSVÆÐIS  
116. fundur –25. júní 2007**

Fundargerð

Fundur var haldinn í heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, þriðjudaginn 25. júní 2007, að Garðatorgi 7, Garðabæ og hófst hann kl. 17:15. Mættir voru undirritaðir nefndarmenn auk Guðmundar H. Einarssonar, framkvæmdastjóra, sem ritaði fundargerð. Gestur Pétursson boðaði forföll. Eftirfarandi mál voru tekin fyrir samkvæmt dagskrá:

**1 Fundargerð 115. fundar heilbrigðisnefndar frá 29. maí 2007**

**2 Fundargerð 100. starfsmannafundar frá 20. júní 2007**

**2.1 Starfsleyfi**

**Garðabær**

2.1.1 Goðatún 6, Garðabær - niðurrif á húsnæði.

Lögð fram umsókn Sigurjóns G. Halldórssonar, f.h. SR Verktaka ehf., kt. 460695-2449, dags. 13.06.2007, þar sem sótt er um leyfi til niðurrifs á húsi að Goðatúni 6, Garðabæ. Tímabundin starfsemi.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerðar er samþykkt starfsleyfis frá 09.05.2007–01.08.2007 staðfest.

2.1.2 Lyngás 17, Garðabær - matvöruverslun.

Lögð fram umsókn Arnars Helgasonar, f.h. Bettís ehf., kt. 490306-0990, dags. 22.06.2007, þar sem sótt er um leyfi til reksturs matvöruverslunar að Lyngási 17, Garðabæ. Eigendaskipti. Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára, að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa, með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða og að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

2.1.3 Vífilstaðavegur 123, Garðabær - leikskóli.

Lögð fram umsókn Margrétar Pálu Ólafsdóttur, f.h. Hjallastefnunnar ehf., kt. 540599-2039, dags. 20.06.2007, þar sem sótt er um leyfi til reksturs leikskóla með móttökueldhúsi að Vífilstaðavegi 123, Garðabæ. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára, að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa, með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða og að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

**Hafnarfjörður**

2.1.4 Drangahraun 7, Hafnarfirði - verkstæði fyrir þungavinnutæki.

Lögð fram umsókn Dofra Eysteinsonar, f.h. Suðurverks hf., kt. 520885-0219, dags. 06.06.2007, þar sem sótt er um leyfi til reksturs verkstæðis fyrir þungavinnutæki að Drangahrauni 7, Hafnarfirði. Húshluti 010101. Endurnýjun.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára, með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

2.1.5 Fjarðargata 13-15, Hafnarfirði - sérhæfð framköllunarþjónusta.

Lögð fram umsókn Kjartans Arnar Sigurðssonar, f.h. HP Farsímalagerinn ehf., kt. 680307-0240, dags. 07.06.2007, þar sem sótt er um leyfi til reksturs sérhæfðrar framköllunarþjónustu að Fjarðargötu 13-15, Hafnarfirði. Húshluti 010107. Eigendaskipti.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára, með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar og að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

2.1.6 Lónsbraut 6, Hafnarfirði - vinnsla með plast- og frauðefni.

Lögð fram umsókn Grétars Kristjónssonar, f.h. Aftans ehf., kt. 430406-0190, dags. 04.06.2007, þar sem sótt er um leyfi til reksturs vinnslu með plast- og frauðefni að Lónsbraut 6, Hafnarfirði. Húshluti 010105. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára, með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða og að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

2.1.7 Lækjargata 34b Hafnarfirði - fiskbúð.

Lögð fram umsókn Þýrnis Hálfánarsonar, f.h. Gullfisks ehf., kt.480507-1930, dags. 14.06.2007, þar sem sótt er um leyfi til reksturs fiskbúðar að Lækjargötu 34b, Hafnarfirði. Húshluti á jarðhæð.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára, að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa, með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða og að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

2.1.8 Lækjargata 34c, Hafnarfirði - verslun með vörur sem innihalda varasöm efni.

Lögð fram umsókn Áka Péturssonar, f.h. Spakongen ehf., kt. 660407-2350, dags. 30.05.2007, þar sem sótt er um leyfi til reksturs verslunar með vörur sem innihalda varasöm efni að Lækjargötu 34c, Hafnarfirði. Húshluti 030102. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára, að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa, með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða og að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

2.1.9 Rauðhella 10, Hafnarfirði - bifreiðasprautun.

Lögð fram umsókn Ólafs Tryggvasonar, f.h. Bílamálunar Hafnarfjarðar ehf., kt. 470307-0640, dags. 11.06.2007, þar sem sótt er um leyfi til reksturs bifreiðasprautunar að Rauðhelli 10, Hafnarfirði. Húshluti 0107. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára, með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

2.1.10 Reykjavíkurvegur 60, Hafnarfjörður - kaffihús.

Lögð fram að umsókn Kolbrúnar H. Reynisdóttur, f.h. Helgulind ehf., kt. 550806-1260 dags. 20.05.2007, þar sem sótt er um leyfi til reksturs kaffihúss með blómasölu að Reykjavíkurvegi 60, Hafnarfirði. Húshluti 0101. Eigendaskipti.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa og með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða.

2.1.11 Skjólvangur, Hafnarfjörður - fótaaðgerðarstofa.

Lögð fram umsókn Berglindar Sigurðardóttur, kt. 300674-5349, dags. 29.05.2007, þar sem sótt er um leyfi til reksturs fótaaðgerðarstofu að Hrafnistu, Skjólvangi, Hafnarfirði. Húshluti, O í A álmu. Eigendaskipti.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa og með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða.

2.1.12 Stapahraun 6, Hafnarfirði - kælitæki, viðgerðir og nýsmíði.

Lögð fram umsókn Atla Steindórssonar, f.h. Kælingar ehf., kt. 410605-0900, dags. 08.06.2007, þar sem sótt er um leyfi til reksturs viðgerða á kælitækjum og nýsmíði að Stapahrauni 6, Hafnarfirði. Húshluti 0102. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára, með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

2.1.13 Steinhella 8, Hafnarfirði - málmsmiðja.

Lögð fram umsókn Júlíusar Jónssonar, f.h. Steinhellu ehf., kt. 470404-2560, dags. 11.06.2007, þar sem sótt er um leyfi til reksturs málmsmiðju að Steinhelli 8, Hafnarfirði. Húshluti 0107. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára, með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

2.1.14 Strandgata 50, Hafnarfjörður - íþróttahús.

Lögð fram umsókn Daníels Hálfðánarsonar, f.h. Hafnarfjarðarkaupstaðar, kt. 590169-7579, dags. 11.06.2007, þar sem sótt er um leyfi til reksturs íþróttahúss við Strandgötu, Hafnarfirði. Húshluti, allt húsið. Endurnýjun.

Frestað og óskað viðbragða við eftirlitsskýrslu varðandi viðhald húsnæðis.

#### **Kópavogur**

2.1.15 Bakkabraut 9, Kópavogi - framleiðsla á byggingarefni úr steinsteypu.

Lögð fram umsókn Þórhalls Barða Kárasonar, fh. Einingaverksmiðjunnar Borg ehf., kt. 461004-2880 dags. 20.06.2007, þar sem sótt er um leyfi til framleiðslu á byggingarefni úr steinsteypu að Bakkabraut 9, Kópavogi. Ný starfsemi.

Frestað þar sem úttekt hefur ekki farið fram.

2.1.16 Búðarkór 1, Kópavogur - verslun og kaffihús.

Lögð fram að nýju umsókn Ólafs Arnarssonar, f.h. Kökumeistarans ehf, kt. 501097-2769, dags. 04.04.2007, þar sem sótt er um leyfi til reksturs verslunar og til kaffiveitinga að Búðarkór 1, Kópavogi. Húshluti, austurendi. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára, með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða.

2.1.17 Bæjarlind 12, Kópavogur - verslun með snyrtivörur.

Lögð fram umsókn Grímu E. Ársælsdóttur, f.h. Mandala ehf, kt. 430102-4430, dags. 25.05.2007, þar sem sótt er um leyfi til reksturs verslunar með snyrtivörur að Bæjarlind 12, Kópavogi. Húshluti 010202. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa og með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða.

2.1.18 Bæjarlind 12, Kópavogur - húðflúrstofa.

Lögð fram umsókn Maríu Bjarkar Tamini, f.h. Snyrtistofunnar Amiru ehf, kt. 490307-0870, dags. 18.05.2007, þar sem sótt er um leyfi til reksturs húðflúrstofu að Bæjarlind 12, Kópavogi. Húshluti 010202. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa og með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða

2.1.19 Digranesvegur 8, Kópavogur - handvirk bónstöð.

Lögð fram umsókn Smára Jónssonar, f.h. Feedon á Íslandi ehf., kt. 420802-3070, dags. 25.05.2007, þar sem sótt er um leyfi til reksturs handvirkrar bónstöðvar að Digranesvegi 8, Kópavogi. Húshluti bílskúr. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 4 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

2.1.20 Hagasmári 1, Kópavogi - sérhæfð framköllunarþjónusta.

Lögð fram umsókn Kjartans Arnars Sigurðssonar, f.h. HP Farsímalagerinn ehf., kt. 680307-0240, dags. 07.06.2007, þar sem sótt er um leyfi til reksturs sérhæfðrar framköllunarþjónustu að Hagasmára 1, Kópavogi. Húshluti, á svæði Hagkaups. Eigendaskipti.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

2.1.21 Helgubraut 21, Kópavogur - heimagisting án veitingasölu.

Lögð fram umsókn Kristjáns Á. Kristjánssonar, kt. 190871-5769, dags. 11.06.2007, þar sem sótt er um leyfi til reksturs heimagistingar að Helgubraut 21, Kópavogi. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára, að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa, með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða

2.1.22 Holtasmári 1, Kópavogur - fótaaðgerðastofa.

Lögð fram að umsókn Guðrúnar Alfreðsdóttur, kt. 170149-2039, dags. 04.06.2007, þar sem sótt er um leyfi til reksturs fótaaðgerðastofu að Holtasmára 1, Kópavogi. Húshluti 010103. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára, með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða.

2.1.23 Holtasmári 1, Kópavogur - fræðslustarfsemi.

Lögð fram umsókn Christinu G J Van Deventer, f.h. Perlukafarans ehf., kt. 700806-1970, dags. 04.06.2007, þar sem sótt er um leyfi til reksturs fræðslustarfsemi að Holtasmára 1, Kópavogi. Húshluti, 010102. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára, með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða.

2.1.24 Hraunbraut 47, Kópavogi - matvöruverslun.

Lögð fram umsókn Ævars Arnar Magnússonar, f.h. ÁGM ehf., kt. 680103-2240, dags. 25.05.2007, þar sem sótt er um leyfi til reksturs matvöruverslunar, með lögheimili að Hraunbraut 47, Kópavogi. Vörugeymsla verður á hafnar- eða athafnasvæði. Ný starfsemi. Með vísun til ákvæða matvælaireglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára, að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa og með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða.

2.1.25 Rjúpnasalir 1, Kópavogur - bakarí.

Lögð fram að nýju umsókn Sigurðar Sigurðssonar, f.h. Odds bakara ehf., kt. 520302-3010, dags. 22.03.2007, þar sem sótt er um leyfi til reksturs bakarís að Rjúpnasölum 1, Kópavogi. Ný starfsemi.

Frestað þar sem umbeðin gögn hafa ekki borist.

2.1.26 Skemmuvegur 6, Kópavogur - verslun með vörur sem innihalda varasöm efni.

Lögð fram umsókn Kristínar Guðmundsdóttur, f.h. Wurth á Íslandi ehf., kt. 630392-2259, dags. 24.05.2007, þar sem sótt er um leyfi til reksturs verslunar með vörur sem innihalda varasöm efni að Skemmuvegi 6, Kópavogi. Húshluti 010204. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára, að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa, með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða og að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

2.1.27 Smiðjuvegur 4b Kópavogi - skyndibitastaður.

Lögð fram umsókn Sigurðar Garðarssonar, f.h. Vörlagersins ehf., kt. 711296-3879, dags. 31.05.2007, þar sem sótt er um leyfi reksturs skyndibitastaðar að Smiðjuvegi 4b, Kópavogi. Húshluti 0101. Ný starfsemi.

Fyrir liggur erindi byggingafulltrúa dags. 04.06.2007 um að leggja þurfi fram umsókn ásamt teikningum fyrir umrætt húsnæði hjá byggingarfulltrúa áður en umsögn verður gefin. Frestað og óskað eftir samþykkri teikningu af húsnæðinu.

2.1.28 Smiðjuvegur 7, Kópavogi - gleriðnaður.

Lögð fram að umsókn Guðmundar Grímssonar, f.h. Íspans ehf., kt. 560869-0109, dags. 08.06.2007, þar sem sótt er um leyfi reksturs gleriðnaðar að Smiðjuvegi 7, Kópavogi. Endurnýjun.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára, að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

2.1.29 Vesturvör 6 og 8, Kópavogur - niðurrif á húsnæði.

Lögð fram umsókn Einars Helgasonar, f.h. Björgunar og Byggs sf., kt. 620103-4030, dags. 31.05.2007, þar sem sótt er um leyfi til niðurrifs á húsi að Vesturvör 6 og 8, Kópavogi. Tímabundin starfsemi.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerðar er samþykkt starfsleyfis frá 31.05.2007-01.08.2007 staðfest.

## 2.2 Umsagnir

### Hafnarfjörður

#### 2.2.1 Flatahraun 5a, Hafnarfjörður - veitingaleyfi.

Lagt fram að nýju bréf sýslumannsins í Hafnarfirði, dags. 15.05.2007 þar sem óskað er umsagnar á umsókn Jóhanns Sveinssonar, um veitingaleyfi fyrir Fjöreggið, Flatahrauni 5a, Hafnarfirði. Rekstraraðili er Fjöreggið ehf., kt. 640904-2670. Frestað þar sem innra eftirlit er óvirkt.

#### 2.2.2 Hjallahraun 13, Hafnarfjörður - veitingaleyfi.

Lagt fram að nýju bréf sýslumannsins í Hafnarfirði, dags. 25.05.2007 þar sem óskað er umsagnar á umsókn Arnars Arnarssonar um endurnýjun á veitingaleyfi fyrir veitingahúsið Hróa Hött, Hjallahrauni 13, Hafnarfirði. Rekstraraðili er Hrói ehf., kt. 650599-2179. Jákvæð umsögn samþykkt.

### Kópavogur

#### 2.2.3 Dalvegur 16c, Kópavogur - veitingaleyfi.

Lagt fram að bréf sýslumannsins í Kópavogi, dags. 25.05.2007 þar sem óskað er umsagnar á umsókn Gunnars Scheving Thorsteinsson, kt. 130447-2609 f.h. Bara ehf., kt. 690304-3170 til að reka veitingastofu að Dalvegi 16c, Kópavogi. Fyrir liggja teikningar af veitingastað samþykktar af byggingafulltrúa, dags. 16.05.2007. Starfsleyfi samþykkt 26.04.2004 fyrir söluturn. Frestað þar til úttekt getur farið fram, eftir innréttingu á veitingastaðnum, samkvæmt samþykktri teikningu.

## 3 Tóbakssöluleyfi

### Garðabær

#### 3.1.1 Lyngás 17, Garðabær - matvöruverslun.

Lögð fram umsókn Arnars Helgasonar, f.h. Bettís ehf., kt. 490306-0990, dags. 22.06.2007, þar sem sótt er um leyfi til tóbakssölu að Lyngási 17, Garðabæ. Eigendaskipti. Leyfisveiting samþykkt.

## 4 Kvartanir vegna hundahalds

### 4.1 Lögregluskýrsla vegna árásar hunds á annan hund

Lagt fram erindi Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu frá 11. júní 2006 ásamt lögregluskýrslu, mál: 007-2007-39830. Málsatvik eru að hundur hafi verið drepinn af öðrum hundi sem skráður er í Kópavogi á orlofshúsasvæði í Árnassýslu. Lagt fram afrit af bréfi heilbrigðiseftirlitsins frá 14. júní 2007 til eiganda hunds þess sem talinn var tjónvaldur. Eigandi hundsins nýtti sér ekki andmælarétt og greindi framkvæmdastjóri frá símtali við eigandann í dag vegna málsins. Ljóst liggur fyrir að atvik það sem lýst er í skýrslunni hafi átt sér stað. Frestað milli funda

### 4.2 Kvörtun vegna lausagöngu hunds og árásar á bréfbera

Lagður fram tölvupóstur dreifingarmiðstöðvar Íslandspósts í Hafnarfirði, frá 31. maí 2007 varðandi lausagöngu hunds við Glitvang. Kvartað er yfir að hundurinn hafi margsinnis stökkið á bréfberann og bitið hann að minnsta kosti tvisvar í handlegg. Lögð fram afrit heilbrigðiseftirlitsins til eiganda hundsins frá 31. maí 2007 og 14. júní 2007. Lagt fram andmælabréf eiganda hundsins dags. 18. júní 2007. Frestað milli funda.

## **5 Skipulagsmál Kársnes- Hafnarsvæði Kópavogi. Breyting á Svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001-2024 og Aðalskipulagi Kópavogs 2000-2012. Deiliskipulag hafnarsvæðis**

Lagt fram erindi Bæjarskipulags Kópavogs frá 6. júní 2007 varðandi tillögu um breytingu á Svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001-2024 og Aðalskipulags Kópavogs 2000-2012 ásamt deiliskipulagi að hafnarsvæði. Með uppdráttum fylgja umhverfisskýrslur þar sem gert er grein fyrir helstu áhrifum breytinganna.

Eftirfarandi bókun var gerð:

“Heilbrigðisnefnd telur út frá hollustuháttum og mengunarvörnum að umferð ökutækja eftir að framkvæmdum líkur sé þýðingarmikill umhverfisþáttur vegna áætlaðra framkvæmda. Nú þegar og á framkvæmdatíma þarf að koma í veg fyrir að almennum úrgangi eða spilliefnum verði fargað á svæðinu. Nauðsynlegt er því að hugað vel að mótvægisaðgerðum vegna hljóðvistar, að vöktun loftgæða vegna umferðar verði hafin sem fyrst og komið verði í veg fyrir að almennum úrgangi eða spilliefnum verði fargað í landfyllingu.”

## **6 Tóbakssala og tóbaksvarnir**

Eftirlit með tóbakssölu sbr. ákvæði II. kafla laga um tóbaksvarnir nr. 6/2002, með síðari breytingum, varðandi merkingar, auglýsingar og sölu tóbaks og ákvæði III kafla varðandi takamörkun á tóbaksreykingum.

### **6.1 Eftirlit með smásölu á tóbaki**

Lagt fram yfirlit yfir niðurstöður úr eftirlit í júnímánuði með framkvæmd smásölu á tóbaki hjá útsölustöðum tóbaks. 50 verslanir og 20 veitingastaðir eru með smásöluleyfi til tóbakssölu. Farið var fram á skýringar frá þremur rekstraraðilum vegna meintra brota á tóbaksvarnalögum og voru lögð fram svör þeirra tveggja sem borist hafa. Sjá einnig lið 6.4.

### **6.2 Kvartanir vegna tóbakssölu til unglunga yngri en 18 ára.**

Kynntar að nýju kvartanir sem borist hafa í framhaldi af könnun forvarnadeildar Hafnarfjarðar á tóbakssölu til unglunga. Í framhaldi kvartananna var sjö aðilum sent erindi og óskað eftir að þeir kæmu á framfæri sýnum sjónarmiðum og hafa svör borist frá fimm aðilum.

Í trausti þess að aðgerðir þeirra sem kynnt hafa viðbrögð skili árangri, telur heilbrigðisnefnd ekki þörf á frekari aðgerðum. Heilbrigðiseftirlitinu falið að ítreka málið við þá aðila sem ekki hafa brugðist við og upplýsa að -komið getur til tímabundinna fjölgunar eftirlitsferða ef þörf krefur.

### **6.3 Lögregluskýrsla vegna sölu unglunga á tóbaki**

Lagt fram erindi lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins frá 23. maí 2007 ásamt lögregluskýrslu frá 7. janúar 2007 varðandi ætlaða sölu starfsfólks yngri en 18 ára á tóbaki í verslun Nóatúns að Hamraborg 18.

Lagt fram erindi Kaupáss frá 4. júní 2007 og verslunarstjóra frá 1. júní 2007, varðandi viðbrögð verslunarinnar vegna málsins.

Í trausti þess að aðgerðir sem kynnt eru skili árangri telur heilbrigðisnefnd ekki þörf á frekari aðgerðum.

### **6.4 Umsókn um undanþágu til sölu á tóbaki fyrir unglung**

Lagt fram erindi Stefáns Boga Sveinssonar hdl. f.h. Bratts ehf, sem rekur söluturninn Rebba að Hamraborg 11, Kópavogi, dags. 21. júní 2007. Með erindinu er óskað undanþágu til að láta dóttur eiganda og rekstraraðila söluturnsins afgreiða tóbak í versluninni. Stúlkan er fædd í september mánuði 1991.

”Heilbrigðisnefnd hafnar erindinu og vekur athygli á ákvæði í 5. gr. reglugerðar nr. 325/2007 um smásölu tóbaks þar sem fram kemur “óheimilt er að veita undanþágu vegna ungmenna yngri en 16 ára”.

### **6.5 Breytingar á tóbaksvarnalögum varðandi veitingastaði**

Rætt um framkvæmd eftirlits í framhaldi af breytingu á tóbaksvarnalögum sem fela það í sér að veitinga- og skemmtistaðir mega ekki leyfa reykingar í þjónusturými sínu eftir 1. júní 2007.

## 7 Ólykt í íbúðarhverfi frá atvinnustarfsemi

### 7.1 Þurrkaðar fiskafurðir ehf. Hvaleyrarbraut 26, Hafnarfirði

Lagt fram afrit af símbréfi heilbrigðiseftirlitsins til fyrirtækisins Þurrkaðar fiskafurðir ehf. frá 20. júní 2007 vegna ólyktar frá fyrirtækinu sem lagði á íbúðarbyggð. Framkvæmdastjóri greindi frá viðræðum við forsvarsmann fyrirtækisins í framhaldinu þar sem fullyrt var f.h. fyrirtækisins að rekstri hafi verið breytt og mál sem þetta myndi ekki endurtaka sig.

### 7.2 Svalpúfa ehf. Óseyrarbraut 11, Hafnarfirði

Lagt fram afrit af símbréfi heilbrigðiseftirlitsins til fyrirtækisins Svalpúfu ehf. frá 19. júní 2007 vegna ólyktar frá fyrirtækinu sem lagði á íbúðarbyggð. Framkvæmdastjóri greindi frá viðræðum við forsvarsmann fyrirtækisins í framhaldinu þar sem fullyrt var f.h. fyrirtækisins að rekstri hefði verið breytt og að mál sem þetta myndi ekki endurtaka sig.

## 8 Fundargerð stjórnar Samtaka heilbrigðiseftirlitssvæða

Lögð fram fundargerð stjórnarfundar Samtaka heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi frá 8. júní 2007.

## 9 Íbúðir í atvinnuhúsnæði

Lagt fram að nýju erindi Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins frá 22. febrúar 2007 um ólöglegar íbúðir í atvinnuhúsnæði á starfssvæði Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins. Kynnt nýsamþykkt lög um breytingu á lögum um lögheimili nr. 21/1990 og lá lögum um brunavarnir nr. 75/2000.

## 10 Ný lög um veitinga- og gististaði

Rædd framkvæmd nýsettra laga um veitinga- og gististaði nr. 85/2007. Samkvæmt lögumum breytist hlutverk heilbrigðisnefnda sem umsagnaraðila.

## 11 Umgengni um lóðir

Lagður fram að nýju verkefnalisti þar sem komið getur til þess að knýja þurfi á um úrbætur með þvingunarúrræðum sbr. ákvæði 26. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir. Heilbrigðisnefnd felur heilbrigðiseftirlitinu að fylgja málum eftir með nauðsynlegum ráðstöfunum.

## 12 Önnur mál

### 12.1 Matvælaeftirlit

Lögð fram starfslýsing fyrir heilbrigðisfulltrúa sem aðallega sinnir matvælaeftirliti. Samþykkt að auglýsa starfið.

### 12.2 Bjartari framtíð

Lagt fram til kynningar upplýsingarit Norrænu ráðherranefndarinnar um 13 alþjóðasamninga um náttúru og menningarumhverfi.

### 12.3 Hreinna loft í lungu okkar

Lagt fram til kynningar upplýsingarit Norrænu ráðherranefndarinnar um hreinna andrúmsloft.

### 12.4 Velferð til framtíðar

Lagt fram til kynningar ritið "Velferð til framtíðar, Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi" áherslur stjórnvalda 2006 -2009.

### 12.5 Reglulegir fundir heilbrigðisnefndar

Ákveðið að reglulegir fundir heilbrigðisnefndar verði 27. ágúst, 24. september, 29. október og 26. nóvember n.k.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19:00

Júlíus K. Björnsson

Birna Ólafsdóttir

Jón Bjarni Þorsteinsson

Steingrímur Steingrímsson

Halla Halldórsdóttir

Sigurgeir Ólafsson